

Stjórnarfundur 13. apríl 2023

Félagsheimili Ljúfs.

1. Skilafrestur fyrir starfsskýrslu ÍSÍ var framlengdur til 31. maí. Þegar félagatal hefur verið yfirfarið eftir 15. apríl er hægt að keyra það inn í skilakerfið og klára skýrsluskil.
2. Það stafar hætta af vatnsrennsli frá skúr Veitna við félagsheimili. Veitur ætla að ganga frá þessu en einnig mun formaður senda inn fyrirspurn vegna borholu sem er við enda keppnisvallarins. Mun meira vatni er dælt út um rörið en áður og talsverður úði fer yfir reiðveg og inn á enda keppnisvallar ef vindur snýr þannig. Það getur skapast hætta og hestar geta fælst.
3. Skítur verður fjarlægður úr taðpróm á næstu dögum. Er þetta síðasta skipti sem Ljúfur mun sjá um það fyrir hesthúsaeigendur sem munu bera ábyrgð á því sjálfir héðan í frá.
4. Reiðvegaskilti munu verða sett upp við reiðvegi í Dalnum eftir 6. maí.
5. Samþykkt er að kaupa brokkspírur fyrir reiðgerðið. Teikningar af brokkspírum hafa verið fundnar og stjórn er að fá tilboð í smíðina.
6. Formaður er að vinna í að fá upplýsingar um framgang uppsetningu raflýsingar. Búið er að kaupa staurana en verkið virðist stopp hjá Hveragerðisbæ vegna þess að tilboð sem þeim barst í jarðvinnu var of hátt.
7. Reiðveganefnd mun fljótlega hefja lagfæringu á reiðvegi meðfram Reykjafjalli og bæta efni í þá staði sem þarf.
8. Formaður er að athuga kostnað við að leigja gám fyrir rúlluplast svo félagsmenn í hesthúsahverfi Ljúfs geti fargað rúlluplasti á réttan hátt í Pure North. Möguleiki á að takmarka opnunartíma gámsins og auglýsa svo ekki verði öðru en rúlluplasti hent í gáminn. Slíkt hefur verið gert hjá öðrum hestamannafélögum og reynst vel.